



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Vesturbyggð, 10. desember 2025

## Efni: Grenndarkynning, Dalbraut 39

Á 15. fundi heimastjórnar Arnarfjarðar, var samþykkt að grenndarkynna byggingaráform við Lönguhlíð 9. Eftirfarandi var bókað á fundinum undir lið 2:

*Fyrir liggur erindi frá Emil M. Magnússyni dagsett 27. júní 2024 þar sem óskað er eftir breytingu á Tekin fyrir umsókn Jens K. Bernharðssonar f.h. Láru Þorkelsdóttur, dagsett 23. október 2025. Umsóknin fjallar um viðbyggingu við Lönguhlíð 5 á Bíldudal. Sótt er um að byggja við neðri hæð og rými undir svölum verði nýtt. Erindinu fylgja aðaluppdrættir unnir af Jens K. Bernharðssyni, dags. 22. október 2025.*

*Skipulags- og framkvæmdaráð lagði til við heimastjórn Arnarfjarðar á 15. fundi sínum sem haldinn var 26. nóvember 2025 að áformin verði samþykkt og málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/210 og grenndarkynnt verði fyrir eigendum Lönguhlíðar 3, 4, 6, 7 og 8.*

*Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkir áformin og að málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/210 og grenndarkynnt verði fyrir eigendum Lönguhlíðar 3, 4, 6, 7 og 8.*

*Samþykkt samhljóða.*

Með bréfi þessu er því ykkur gjört kunnugt um áform þessi og óskað er eftir athugasemdum sem skila skal inn í Skipulagsgátt undir málsnúmerinu 1640/2025.

Frestur til að senda athugasemdir er til 8. janúar 2026.

Virðingarfyllt

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

---

Skipulags- og umhverfisráð Vesturbyggðar, notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna íbúa. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn íbúa í fundargerðum skipulagsnefndar á netinu.